Fundur í skólaráði Árbæjarskóla

Mánudagurinn 12. október 2026, kl. 8:10

Mættir voru: Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri, Rannveig Þorvaldsdóttir aðstoðarskólastjóri, Kjartan Stefánsson deildarstjóri yngsta- og miðstigs, Vera Sveinbjörnsdóttir, fulltrúi foreldrafélagsins, Dagný Ósk Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldrafélags í skólaráði, Margrét Sæberg, fulltrúi kennara, Sólveig Geirsdóttir félagsstarfskennari, Þórdís Eva Sigurðardóttir, fulltrúi starfsmanna, Erna Bryndís Einarsdóttir, fulltrúi Ársels, fulltrúar nemenda: Eva Sóley Svavarsdóttir, 4. bekk, fulltrúi yngsta stigs, Iðunn Erna Heikosdóttir Scheible, 7. bekk, fulltrúi miðstigs, Atli Wang Atlason, 10. Bekk, og Ingibjörg Anna Benediktsdóttir, 9. bekk, fulltrúar unglingastigs. Guðrún Erna Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri ritaði fundargerð.

1. **Skipan og verkefni skólaráðs** (handbók um skólaráð), kynning nýrra fulltrúa, fundartíma, fundarritun, hvar fundargerðir eru birtar og boðun funda.

   Skólastjóri sagði frá því að hann myndi boða alla fundi vetrarins fljótlega en hægt væri að færa þá til eftir þörfum. Spurt var hvort gerð væri athugasemd við þennan fundartíma, þ.e. á mánudögum kl. 8:10. Sá fundartími var samþykktur.

   Skólastjóri fór yfir heimasíðu skólans og sýndi hvar starfsáætlun og aðrar áætlanir væri að finna, auk upplýsinga um skólaráð, foreldrafélag, námsmat, skólareglur o.s.frv. Þá ætlar hann að senda handbók um skólaráð til þeirra sem skipa skólaráð Árbæjarskóla þennan veturinn.

   Guðrún Þórhalls aðstoðarskólastjóri ritar fundargerðir og eru þær birtar á heimasíðu skólans.

2. **Val á fulltrúa grenndarsamfélags**.

   Hörður Guðjónsson frá Fylki hefur verið fulltrúi grenndarsamfélagsins um nokkra ára skeið. Í vetur fagnar íþróttafélagið 60 ára afmæli líkt og skólinn og hefur skólinn átt fund með Herði vegna þessa og er gott að heyra frá honum á næstu fundum hvað er á döfinni hjá Fylki í vetur og jafnvel samstilla afmælisundirbúning með Fylki. Ef fundarmenn vita af öðrum aðila úr grenndarsamfélaginu sem ætti heima í ráðinu ásamt Herði þá er ekkert því til fyrirstöðu að skipa annan fulltrúa og hafa þá tvo úr grenndarsamfélaginu. Það er mikilvægt að rödd hverfisins heyrist í ráðinu.

3. **Starfsáætlun Árbæjarskóla** 2026-2027 kynnt og yfirfarin þ.m.t. skólanámskrá, skóladagatal, skólareglur o.fl.

   Minnt er á að á síðasta fundi skólaráðs í vor var skráð:
   Skólaráð var beðið um athugasemdir varðandi starfsáætlun og skólanámskrá. Á þessari síðu kemur fram hvað á að vera í skólanámskrá og starfsáætlun en þetta flæðir aðeins á milli þessara tveggja áætlana (sem er í góðu lagi) https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli12-skolanamskra-og-starfsaaetlun-skola. Engar athugasemdir voru gerðar við áætlunina en fundarmönnum bent á að þeir gætu sent inn athugasemdir síðar.

   Aðstoðarskólastjóri fór yfir helstu breytingar sem fram koma í starfsáætluninni í ár en þær eru helstar þær að nýjar reglur eru um símabann í grunnskólum, nýjar reglur um viðmið skólasóknar og nýtt námsmatskerfi.

Nokkrar umræður urðu um nýtt námsmatskerfi og hvernig útfærslan er á því. Gefið í tölustöfum frá 4. bekk. Unnið í námstímabilum og gefin einkunn fyrir hvert tímabil. Í lok árs er horft á árið í heild en ekki tekið meðaltal. Staða nemanda í lok skólaárs metin. Skólastjóri sýndi kynningu frá því í haust sem haldin var fyrir foreldra og nemendur í 10. bekk þar sem nýja námsmatið var kynnt. Spurning kom frá foreldrum hvort við teldum að nemendur og foreldrar fylgdust eins vel með eftir að hætt var að prenta út einkunnaspjöld. Námsráðgjafi sagði að hans tilfinning væri að nemendur væru að fylgjast vel með námsmatinu enda tölvuvænir.

4. **Starfsáætlun lögð fram til samþykktar** en jafnframt ítrekað að hafi fundarmenn athugasemdir þá verður hún lagfærð jafnóðum. Starfsáætlun var samþykkt.

5. **Fundir með foreldrum og nemendum** voru í upphafi árs.

   Skólastjóri spurði hvernig fundarmönnum hefðu fundist haustfundirnir þar sem nemendur og foreldrar komu saman.

   Nemendur unglingadeildar voru ánægðir.

   Vera sagði að foreldrafélagið hefði gert könnun á viðhorfum foreldra og þar hefðu komið jákvæð svör frá foreldrum en ábending um að einhverjum fannst of seint boðað til fundarins. Skólastjórn ætlar að senda út tímasetningar að vori fyrir haustfundina.

   Foreldri kom einnig að sögn Veru með athugasemd um að því hafi fundist athyglisvert að á skólasetningu hafi verið sagt að foreldrar væru ekki velkomnir í skólann. Skólastjórnendur útskýrðu fyrir ráðinu að það væru ákveðnar reglur sem giltu um aðkomu foreldra að skólanum. Þessi mál snúa að öryggismálum í skólum en nokkrir skólar í borginni eru nú þegar lokaðir að hluta eða öllu leiti. Reglan er sú að þegar foreldrar koma í skólann eiga þeir að gera vart við sig á skrifstofu skólans og eru þá kennarar eða aðrir þeir sem foreldrar eiga erindi við látnir vita og heimsókninni komið í farveg.

6. **Aðgengi að og í skóla**.

   Það er hlutverk skólaráðs að ræða þetta mál og það því sett á dagskrá. Sjá umræðu að ofan um öryggisreglur sem giltu. Einnig var rætt um hvaða inngangar væru opnir og hverjir lokaðir. Skólastjóri sagði frá því að stjórnendur væru nýlega búnir að funda með öryggisfulltrúa frá borginni þar sem farið var yfir ýmis öryggismál skólans og aðgerðir sem fram undan eru m.a. varðandi lokanir.

7. **Hlutverk skólaráðs í lögum: fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda**

   Aðstoðarskólastjóri unglingastigs sér um að fylgja eftir öryggismálum skólans og fylgist vel með umræðum og viðbrögðum á því sviði. Alltaf reynt að bregðast við ef eitthvað er. Mikið hefur verið rætt um aðgengi og öryggismál sbr. umræðuna hér að framan. Einnig hefur öryggisáætlun og rýmingaráætlun verið kynnt fyrir starfsfólki og nemendum. Rýmingaræfing fór fram í síðustu viku og tókst vel.

8. **Eru einhverjar óskir um viðhald, framkvæmdir, lagfæringar á lóð eða öðru** sem stjórnendur ættu að taka upp með framkvæmdasviði borgarinnar?

   Skólastjórnendur funduðu nýlega með hverfismiðstöðinni vegna næsta framkvæmdaárs og lögð var áhersla t.d. á inn og útganga (skipta um hurðir), gólfefni, hljóðvist í íþróttahúsi, lýsing, salerni á unglingastigi, nýtt ruslagerði, búningsklefa í íþróttahúsi o.fl.

9. Matsskýrsla Árbæjarskóla og niðurstöður ÍÆ.

   Guðlaug sagði frá því að uppfærð matsáætlun til 2031 væri komin á vef skólans svo og lokaskýrsla og umbótaáætlun skólans frá síðasta ári Umbótaáætlunin gildir fyrir þetta ár.

   Niðurstöður ÍÆ (íslenskar æskulýðsrannsóknir) voru kynntar á skólasetningu, samt mjög afmarkað efni. Niðurstöðurnar komu almennt vel út og sýndi skólastjóri fundarmönnum niðurstöðuna.

10. Árbæjarskóli verður 60 ára á árinu. Hvernig höldum við afmæli?

   Aðstoðarskólastjóri unglingastigs sagði frá undirbúningi sem þegar er hafinn fyrir afmælið. Nemendur hafa skilað inn til skólastjórnar hugmyndum um hvernig þeir sjá fyrir sér að haldið sé upp á stórafmæli. Unnið hefur verið úr þeim hugmyndum og verður einhver uppákoma í hverjum mánuði í vetur þar sem horft verður til hugmynda nemenda. Afmælishátíð verður laugardaginn 17. apríl og þá verður opið hús þar sem nemendur og starfsmenn taka á móti foreldrum og öðrum góðum gestum. Sýning verður á verkefnum nemenda og einnig verður sýning á verkum fyrri ára. Dagskrá opna hússins verður send heim og er von skólans að sem flestir sjái sér fært að mæta og gleðjast með nemendum og starfsmönnum.

11. **Önnur mál**

   Að lokum var upplýst um að ósk SFS:

   Kynningar til barna, og unglinga og foreldra á æskulýðs-, íþrótta- og tómstundastarfi sem hluti af námi eru heimilar í skipulögðu skóla- og frístundastarfi í samráði við stjórnendur og starfsfólk.

   Stærri og skipulagðar kynningar til barna og foreldra á úrvali æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða fyrir börn og unglinga í viðkomandi hverfi, geta farið fram innan skóla eða frístundastarfsmiðstöðva á starfstíma þeirra. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla taka þátt í að móta stefnu skóla um fyrirkomulag kynninga og tengsl skóla við grenndarsamfélagið í samstarfi við foreldrafélög, nemendafélög og hagsmunaaðila í nærsamfélaginu, t.d. hverfisráð, hverfisíþróttafélög og félagasamtök.*

   Upplýsingum um tímasetningar og kostnað vegna æskulýðs-, íþrótta- og tómstundatilboða skal beina til foreldra en ekki barnanna.

   Ábendingar frá nemendum

   Ábending frá nemendum að hafa túrvörur inni á salerninu en þá var bent á að hjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar eru með slíkar vörur og þurfa nemendur að nálgast þær þar. Þessar vörur voru inni á salerninu en það var gengið svo illa um vörurnar að þær voru færðar til áðurnefndra aðila.

Einnig kom ábending frá nemanda um að samnemendur væru að fara inn um innganga þar sem þeir ættu ekki að fara og væru svo að fara inn á skítugum og blautum skóm og sóða allt út. Einnig var rætt um hvort nemendur mættu vera með snjallúr í skólanum og hafa slökkt á þeim en skólastjóri sagði að það væri bannað, sbr. reglur um bann við notkun síma og snjalltækja í skólastarfi.

Spurt út í kennslu nemenda á notkun gervigreindar í skólastarfi og bentu skólastjórnendur á efni frá Mixtúru sem er fyrir hvern árgang fyrir sig og þar er m.a. fjallað um þessi mál.

Fulltrúi foreldra spurði út í hvort mygla væri í skólanum og benti þá sérstaklega á ákveðna stofu í unglingadeildinni og geymslu sem foreldrafélagið hefur aðgang að. Skólastjóri sagði að búið væri að yfirfara allar stofur í unglingadeildinni og enginn mygla fundist þar. Skipt hefði verið um alla gólfdúka, málað og gamalt tréverk fjalægt. Hins vegar væri alltaf hægt að endurtaka skoðanir ef menn hefðu grunnsemdir um einhverja óværu.

Foreldrarfélagið óskar eftir að skólinn hjálpi til við að finna bekkjar-/árgangafulltrúa. Kjartan og Guðrún ætla að fara í þessi mál.

Fundi slitið kl. 8:55